

45. fundur

Hafnarnefnd hélt fund þriðjudaginn 13. desember 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru Símon Már Sturluson, Valdimar Kúld Björnsson, Björgvin Guðmundsson, Guðbrandur Björgvinsson, Kristinn Ó. Jónsson, Hrannar Pétursson, hafnarvörður og Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð.

1. Upplýsingar af ársfundi Hafnasambandsins.
Símon gerði grein fyrir þeim upplýsingum sem fram komu á ársfundinum. M.a. var rætt um skipsflök.
Samþykkt samhljóða að vísa til Breiðafjarðarnefndar til umsagnar málefni laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.
2. Umsókn um lóð á Skipavíkursvæði við Nesveg.
Tekið jákvætt í að svæðið verði deiliskipulagt. Nauðsynlegt er að umgengni og útlit verði í samræmi við reglugerð.
3. Bréf Sæferða vegna hafnargjalda.
Bréf lagt fram. Lagt til að hafnargjöld ferjunnar Baldurs verði áfram innheimt skv. gjaldskrá.
4. Öryggismál.
Rætt um öryggismál, stigalýsingu, upplýsingaskilti og endurnýjun á öryggisbúnaði. Nýframkvæmdir eru styrkhæfar að 60% af kostnaði.
5. Gjaldskrá.
Rætt um að gjaldskrá hafnarinnar verði endurskoðuð í febrúar 2006 og aftur um áramót 2006/2007.
6. Ný flotbryggja.
Mikil fjölgun hefur verið á smábátum í höfninni og jafnframt hefur verið fjölgun á gestabátum s.s. skútum og skemmtibátum og því þörf á að bæta við aðstöðu fyrir smábáta.
Rætt um möguleika á að koma fyrir nýrri flotbryggju.
7. Önnur mál.
Rætt um innheimtu vigtargjalda. Kaupandi aflans greiðir vigtargjaldið.

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.35.

Símon Sturluson (sign.),
Björgvin Guðmundsson (sign.),
Kristinn Ó. Jónsson (sign.),
Erla Friðriksdóttir (sign.).

Valdimar Kúld (sign.),
Guðbrandur Björgvinsson (sign.),
Hrannar Pétursson (sign.).